

Skírnin á breytingaskeiði

Er vendipunkti náð?

Inngangur

Árið 2020 var stofnaður samstarfshópur á vegum þjóðkirkna Norðurlanda sem fékk það verkefni að greina stöðu skírnar í kirkjunum.¹ Þetta var fyrsti þáttur stærra verkefnis sem hafði yfirskriftina *Kirkjur á tímum breytinga – Churches in Times of Change*. Hlutverk þessa samstarfshóps var að skoða stöðu skírnar á öllum sviðum, þar með talið tölfræði, framkvæmd, helgisiði, fræðslu, kynningarmál, guðfræði og félagsfræðilegar rannsóknir á skírn. Þarna var um að ræða yfirlitsrannsókn þar sem safna skyldi þeim gögnum er til voru og efna til samræðu fræðimanna og áhugafólks um þau. Verkefnið var að stærstum hluta unnið á tímum Covid-19 faraldursins og því voru haldnar vefstofur sem voru vel sóttar, þ.m.t. frá Íslandi.

Norðurlöndin höfðu lengi talsverða sérstöðu varðandi það hve stór hluti íbúanna tilheyrði stóru þjóðkirkjunum og nýtti sér þjónustu þeirra á krossgötum lífsins, við skírn, fermingu, hjónavígslu og útför. Niðurstöður rannsókna á annarri trúrækni, einkum því að sækja kirkju, bentu þó til lítillar þátttöku. Breski trúarlífsfélagsfræðingurinn Grace Davie talaði um að norrænu þjóðirnar væru sáttar við að hafa kirkjuna til staðar ef fólk þyrfti á þjónustu hennar að halda án þess að sú trú kæmi fram í mikilli kirkjusókn eða augljósri guðrækni. Þannig mætti segja að það „tryði á að tilheyra“ (e. *they belief in belonging*).²

Margt bendir til breytinga á þessu sviði og skírnin er ein af birtingarmyndum þeirra. Tölfræðilegar kannanir sýna fækkun skírna alls staðar á Norðurlöndum. Niðurstöður meginlegra og eigindlegra rannsókna styðja þetta og draga fram ýmsa samverkandi orsakabætti. Í þessari grein verður myndin skoðuð með hliðsjón af þessari þróun og hún sett í samhengi við kenningar á sviði trúarlífsfélagsfræði um orsakir breytinganna og mögulega hröðun, sem kemur fram þegar svokölluðum vendipunkti³ (e. *tipping point*) er náð. Rannsóknir annars staðar á Norðurlöndunum sem varpa ljósi á þær ástæður sem foreldrar gefa

¹ Höfundur þessarar greinar átti sæti í rannsóknarhópnum fyrir Íslands hönd. Forystu hafði Harald Hegstad, prófessor við MF í Osló.

² Grace Davie, *Religion in Modern Europe: A Memory Mutates*, New York: Oxford University Press, 2000.

³ Í þessari grein er hugtakið „tipping point“ þýtt sem vendipunktur. Þýðingin nær því þó ekki fyllilega. Aðrir möguleikar eins og veltipunktur, eða hvörf kæmu einnig til greina. Eins og fram kemur í greininni á það við um þróun þar sem hægfara breytingar ná þeirri stöðu að þungi þeirra eykur hraða breytinganna mikið og ekki verður aftur snúið.

fyrir vali sínu verða kynntar og reifaðar. Í lokin verður staðan á Íslandi metin í ljósi þeirra upplýsinga sem fyrir liggja. Þeirri spurningu er varpað fram hvort vendipunkti sé náð hér á landi en það myndi þýða hraðstígari breytingar og viðsnúning á því sem áður var talið hefðbundið og sjálfsagt.

Skírnum fækkar

Tölurnar tala sínu máli: Skírnum fækkar stöðugt í þjóðkirkjunni á Íslandi — sem og annars staðar á Norðurlöndum. Samkvæmt upplýsingum frá þjóðkirkjum Norðurlanda hefur skírnum hjá þeim fækkað í öllum löndunum á þessari öld ef tekið er mið af skírnum ár hvert sem hlutfalli af fæddum börnum (tafla 1). Þróunin virðist hafa farið fremur hægt af stað hér á landi en svo hafa breytingarnar orðið örari með árunum. Árið 2000 var hlutfall skírðra í þjóðkirkjunni hæst hér á landi af þjóðkirkjum Norðurlanda, 89,2% af fæddum börnum það ár. Árið 2018 var það aftur á móti næstlægst hér á landi, 45,7%. Hlutfallið hefur lækkað enn frekar hérlendis síðan þá eins og kemur fram í gröfum 2 og 3.


Tafla 1. Skírnrir í þjóðkirkjum Norðurlanda sem hlutfall fæddra barna⁴

Ár	Svíþjóð	Noregur	Danmörk	Ísland	Finnland
2000	72,8%	81,4%	77,2%	89,2%	88,7%
2009	56,0%	66,9%	70,4%	67,7%	80,2%
2018	40,2%	51,4%	58,7%	45,7%	64,9%

Íslenskar tölur um skírnrir árið 2000 eru fengnar úr skýrslum presta, en tölur fyrir 2009 og 2018 frá Þjóðskrá.

Hér er um hlutfallstölur að ræða og ástæður þess að hlutfall lækkar eru fleiri en ein. Ein þeirra er sú að í öllum þessum löndum hafa orðið talsverðar breytingar á samsetningu þjóðanna vegna innflytjenda, sem fæstir tilheyra lútherskri kirkju. Hlutfall landsmanna sem eru meðlimir í þjóðkirkjum Norðurlanda hefur farið minnkandi á þessari öld. Íslendingar fylgja þar hinum Norðurlandaþjóðunum. Meðal annars þess vegna lækkar tala skírðra barna sem hlutfall af fæðingarárgangi.

Graf 1. Hlutfall þjóðkirkjufólks á Íslandi af heildarmannfjölda




Heimild: <https://www.hagstofa.is/talnaefni/samfelag/menning/trufelog/>.

⁴ „Findings from the Project“, *Folkekirkens mellemkirkelige Råd*, sótt 28. maí 2024 af <https://www.interchurch.dk/aktiviteter/churches-in-times-of-change/findings-from-the-project/statistics>.

Þegar litið er til framtíðar má gera ráð fyrir að þeim fjölgi áfram sem ekki tilheyrir kirkjunni, bæði tölulega — í fjölda — og hlutfallslega — þ.e. sem hlutfalli af íbúum landsins. Jafnframt mun fjölga í hópi foreldra sem ekki eru í sama trúfélagi eða þar sem hvorugt tilheyrir þjóðkirkjunni. Ástæðan er öðru fremur aukin fjölmennung og fjölgun innflytjenda hér á landi en einnig langtíma-afleiðing lagabreytingar sem gerð var árið 2013. Sú breyting hafði í för með sér að í stað þess að barn fylgdi trúfélagi móður sjálfkrafa var það skráð utan trúfélaga ef foreldrar voru ekki í sama trú- eða lífsskoðunarfélagi.⁵

Að sama skapi fækkar börnum sem eru skírð í þjóðkirkjunni, bæði tölulega og sem hlutfall af nýfæddum börnum ár hvert. Hafa ber í huga að í skírnartölum er að stærstum hluta um ungbörn að að ræða en einnig börn sem eru skírð stálpaðri, t.d. í tengslum við fermingar, og einnig eru fullorðinsskírnr með í tölunum.

Graf 2. Skírnr í þjóðkirkjunni sem hlutfall af nýfæddum börnum




Skírnartölur frá 2005–2019 eru fengnar frá Þjóðskrá en 2020–2022 frá Biskupsstofu. Tölur um nýfæðingar (lifandi fædd börn) eru frá Hagstofunni.

Rétt er að hafa í huga við túlkun talnanna að tölur þessar sýna ekki allar skírnr á Íslandi. Stærsti hópur innflytjenda á Íslandi eru Pólverjar og margir þeirra tilheyrir kaþólsku kirkjunni, sem hefur fyrir vikið vaxið ört á þessari öld. Að auki hefur fjölgað í lútherskum frikkirkjum en ungbarnaskírnr innan þeirra eru ekki hluti af þessum tölum.

Á Norðurlöndum má sjá fylgni milli þess að tilheyrir þjóðkirkju og að barn sé skírt í kirkjunni. Slíkar tölur eru ekki auðfengnar hér fyrir þetta tímabil en ef bætt er inn fjölda barna sem eru í þjóðkirkjunni við fæðingu sést að sá fjöldi er svipaður þeim fjölda sem er skírður.

⁵ Lög um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög nr. 108/1999, *Alþingi*, sótt 20. október 2023 af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1999108.html>; Steinunn A. Björnsdóttir, „Af hverju fækkar í þjóðkirkjunni?“, *Kirkjublaðið*, 28. október 2023, sótt 30. maí 2024 af <https://www.kirkjubladid.is/gestaglugginn/af-hverju-faekkar-i-thjodkirkjunni/>.

Graf 3. Skírnir sem hlutfall fæddra á árinu á Íslandi og sem hlutfall fæddra sem skráð eru í þjóðkirkjunna



Skírnartölur frá 2005–2019 eru fengnar frá Þjóðskrá en 2020–2022 frá Biskupsstofu. Tölur um nýfæðingar (lífandi fædd börn) eru frá Hagstofunni. Tölur um fjölda nýfæddra sem eru í þjóðkirkjunni 2005–2019 eru fengnar hjá Biskupsstofu og frá 2020–2022 hjá Axel Árnasyni, úr forritinu Ábótanum.

Súlurnar benda til þess að einhver fylgni geti verið milli þessara breyta. Barn er skráð í þjóðkirkjunna við fæðingu ef báðir foreldrar eru þar á þeim tíma. Það er því mögulegt að þeir foreldrar séu líklegri til að láta skíra barn sitt en ekki er hægt að fullyrða um það þar sem bakgrunnsupplýsingar um skírða liggja ekki fyrir.

Kynslóðabreytingar og vendipunktur

Í umfjöllun um þjóðfélagsbreytingar bendir finnski trúarbragðafræðingurinn Kimmo Ketola á tvenns konar breytingaferli. Annað sé þegar afgerandi viðburðir verða sem hafi í för með sér keðju atburða sem geta leitt til afgerandi breytinga. Þarna má nefna sem dæmi Covid-19 faraldurinn og áhrif hans á vinnuumhverfi víða um heim. Hitt ferlið sé hægara og oft verða menn lítið varir við það. Þróunin felst í því að með hverri kynslóð breytist viðhorf fólks til ákveðinna málefna og á einhverjum tímamarki verður það sem áður var minnihlutaskoðun að ríkjandi viðhorfi. Kimmo Ketola nefnir sem dæmi hreyfingu grænkerana (e. *vegan*) sem lengi var algjör undantekning og víða litin hornauga á Norðurlöndum. Á tiltölulega skömmum tíma fer hreyfingin yfir í að verða vel kynnt og varla er sá veitingastaður nú sem ekki býður líka upp á grænkerarétti.⁶ Þessar hægfara breytingar og vendipunktur þeirra eru oft skýrðar með tilvísan til kynslóða. Hugtakið vendipunktur er þá notað til að lýsa því hvernig margir smærri þættir geta safnast saman og leitt til mikilla breytinga. Hér er til dæmis átt við það þegar talsverður fjöldi fólks tileinkar sér nýja hegðun, trú eða stefnu. Þegar fjöldi þátttakenda nær ákveðnum þröskuldi er líklegra en áður að aðrir fylgi á eftir og við það skapast snjóboltaáhrif. Það sem var

⁶ Kimmo Ketola, „Religion and Cultural Turning Point“, *Religion in Daily Life and in Celebration: The Evangelical Lutheran Church of Finland — 2016–2019*, ritstj. Hanna Salomäki, Maarit Hytönen, Kimmo Ketola, Veli-Matti Salminen og Jussi Sohlberg, Helsinki: Church Research Institute, 2021, bls. 12–41.

minnihlutaskoðun verður meirihlutaskoðun. Þessar breytingar geta verið hægar framan af en verða hraðari þegar vendipunktinum er náð.

Með hugtakinu „kynslóð“ í félagsvísindarannsóknum er átt við fólk, fætt á ákveðnu tímabili, þar sem umhverfi mótar kynslóðina og veitir sameiginlega reynslu. Skipting kynslóða er ekki alltaf sú sama hjá fræðimönnum en hér er fylgt greiningu Pew Research Center⁷ fyrir kynslóðir á Vesturlöndum.

- Hljóða kynslóðin: fædd u.þ.b. á árunum 1925–1945
- Eftirstriðsárakynslóðin (e. *baby boomers*): fædd u.þ.b. á árunum 1946–1964
- Kynslóð X: fædd u.þ.b. á árunum 1965–1980
- Kynslóð Y (þúsaldarkynslóðin, e. *millennials*): fædd u.þ.b. á árunum 1981–1995
- Kynslóð Z: fædd u.þ.b. á árunum 1996–2010+

Hljóða kynslóðin er líklegri en síðari kynslóðirnar til að hafa búið við afkomu-óvissu og kreppu og að hafa alist upp á ófriðartímum. Efnahagsvöxtur og aukin menntun hafði áhrif á eftirstriðsárakynslóðina sem naut meira frelsis en fyrri kynslóðir, meðal annars til að gagnrýna hefðbundnar stofnanir. Þetta er kynslóð '68-byltinganna. Kynslóð X hefur enn meira frelsi og betri möguleika á menntun og hefur síður haft áhyggjur af því að fá ekki næringu og húsaskjól. Kynslóð Y nýtur hins sama og það má einnig segja um kynslóð Z en þegar á líður hafa kynslóðir barna verið meira verndaðar en áður, sem þýðir að einhverju leyti minna sjálfstæði í uppvexti.⁸

Bandaríski stjórnmálafræðingurinn Ronald Inglehart hefur sett fram kenningu um þróun nútímavæðingar sem nefnist á ensku *Evolutionary Modernization Theory* (EMT). Með henni leitast hann við að skýra félags- og menningarlegar breytingar á ákveðnu tímabili. Í stuttu máli telur Inglehart að, þegar efnahagur samfélaga batnar og kynslóðir alast upp án þess að óttinn um afkomu sé sífellt nálægur, þá breytist gildin frá hefðbundnum, afkomumiðlægum gildum — sem t.d. kröfðust þess iðulega að einstaklingur aðlagði sig heildinni til að lifa af — yfir í gildi þar sem lögð er áhersla á sjálfstjáningu, lífsgæði og frelsi einstaklingsins. Hann leggur áherslu á kynslóðabreytingar í þessu sambandi. Yngri kynslóðir sem alist hafa upp við félagslegt og efnahagslegt öryggi laðast að öðrum gildum en eldri kynslóðir. Þetta kemur meðal annars fram í hnignandi áhrifum hefðbundinna stofnana, eins og trúfélaga, og þessi hnignandi áhrif leiða til breytinga á grundvallarmynstri er varðar trú en einnig til breyttra áherslna t.d. hvað varðar jafnrétti kynja, umhverfismál og félagslegt réttlæti. Í tengslum við breytingar á hinu trúarlega sviði talar Inglehart um færsluna frá frjósemisgildum (e. *pro-fertility norms*) yfir í einstaklingsval (e. *individual choice norm*) og miðar þar við að lengst af í sögu mannkyns þurfti fólk að eignast mörg börn til að auka líkurnar á að ættin lifði af.


Inglehart stýrði alþjóðlegu gildakönnuninni, *World Value Survey* (WVS), sem hefur framkvæmt félagsfræðilegar kannanir í öllum byggðum heimsálfum frá árinu 1981. Alþjóðlega gildakönnunin, sem og evrópska gildakönnunin, *European Value Survey* (EVS), hafa um langt skeið leitt í ljós ákveðna þróun á

⁷ „The Whys and Hows of Generations Research“, *Pew Research Center*, sótt 30. janúar 2024 af <https://www.pewresearch.org/politics/2015/09/03/the-whys-and-hows-of-generations-research>.

⁸ Kimmo Ketola, „Religion and Cultural Turning Point“, bls. 14.

Vesturlöndum í átt að breyttu trúarmynstri. Þar kemur meðal annars fram að á Vesturlöndum fækkar þeim sem tilheyra trúfélögum og sem segja að trú skipti máli í lífi þeirra.⁹ Eitt af því sem sjá má í þeim könnunum er að trú skiptir fólki meira máli eftir því sem það er eldra. Það má til dæmis sjá á niðurstöðum fyrir Ísland (sjá graf 4). Þýðir það að fólk verði trúaðra þegar það eldist? Slíkt er ekki útilokað í öllum tilvikum en langtímarannsóknir benda samt frekar til þess að um sé að ræða breytingu milli kynslóða og að mikilvægi trúar hafi minnkað hjá öllum aldurshópum á Vesturlöndum og í Eyjaálfu. Meira að segja í Bandaríkjunum, sem lengi virtust afsanna kenningu um vaxandi afhelgun, má sjá afgerandi fækkun í hópi þeirra sem segja að guð skipti þau miklu máli.¹⁰ Þó sýna kannanir að Bandaríkin skera sig enn úr meðal vestrænna þjóða varðandi trú og bænaiðkun.¹¹

Graf 4. Trú frekar eða mjög mikilvæg



Heimild: Úr gagnagrunni worldvaluesurveys.org, kannanir 2017–2022, Ísland. Fjöldi í prósentum eftir aldri.


Sé litið á niðurstöðurnar í grafi 4 má sjá hvernig minni áhersla á trú fylgir kynslóðum. Svipuð þróun sést ef horft er til guðstrúar eins og sést á grafi 5. Trú á guð virðist þó fá hærri svörun en það að vera trúaður. Það vekur hins vegar spurningar um hvaða merkingu fólk leggi í það að vera trúaður og hvort sú merking sé breytileg milli kynslóða. Það er þó greinilegt að heildarþróun er sú sama og mikill munur er á aldurshópnum 16–34 ára annars vegar og 65 ára og eldri hins vegar.

⁹ Ronald Inglehart. *Religion's Sudden Decline: What's Causing it, and What Comes Next?* New York: Oxford University Press, 2021, bls. 1–2.

¹⁰ Ronald Inglehart, *Religion's Sudden Decline*, bls.1-2. Sjá líka: Ronald Inglehart, Jon Miller, Michael Dennis, Stephanie Jwo og Gergely Rosta, „Religion's Sudden Decline, Revisited“, *Institute for Social Research, Center for Political Studies, University of Michigan*, sótt 24. janúar 2024 af <https://cps.isr.umich.edu/news/religions-sudden-decline-revisited>.

¹¹ Jeff Diamant, „With High Levels of Prayer, U.S. Is an Outlier Among Wealthy Nations“, *Pew Research Center*, sótt 24. janúar 2024 af <https://www.pewresearch.org/short-reads/2019/05/01/with-high-levels-of-prayer-u-s-is-an-outlier-among-wealthy-nations/>.

Graf 5. Trúa á guð



Heimild: Úr gagnagrunni worldvaluesurveys.org, kannanir 2017–2022, Ísland. Fjöldi í prósentum eftir aldri.

Samkvæmt kenningum Ronalds Ingleharts geta orðið afgerandi breytingar þegar ný kynslóð verður ráðandi í samfélaginu. Hann talar um vendipunkt í því samhengi. Ef litið er til upplýsinganna hér að framan um trú á guð og mikilvægi guðstrúar á Íslandi í samhengi við ungbarnaskírnrir væri hægt að skoða muninn á yngstu þremur hópnum (16–44 ára) andspænis eldri hópnum (45 ára og eldri). Meðaltal þeirra sem telja trú mjög eða frekar mikilvæga í yngri hópnum er 23,1% en í eldri hópnum 50,7%. Yngri fylkingin er sú sem er líklegri til að vera ungbarnaforeldrar og færa má rök fyrir því að það hafi breytingar í för með sér þegar mikilvægi trúar hefur minnkað verulega í þeim hópi sem er ráðandi á einhverju sviði samfélagsins. Árið 2000 voru 89,2% fæddra barna skírð í þjóðkirkjunni. Árið 2018 var hlutfallið komið niður í 45,7%. Þróunin hefur sem sé orðið frá þeirri „sjálfsögðu“ hefð að láta skíra börn sín — nokkuð sem næstum allir gera — yfir í þá „sjálfsögðu“ skoðun að velja þá athöfn (eða enga athöfn) sem hentar trú og afstöðu foreldranna í tengslum við fæðingu og/ eða nafngjöf barns. Líkt og með grænkerana þá verður það eðlilegt og sjálfsagt sem áður var jafnvel litið hornauga.

Núverandi staða á Íslandi er samkvæmt framansögðu afleiðing þróunar sem hófst fyrir áratugum. Rannsóknir á stöðu skírnrarinnar á Norðurlöndum sýna, eins og fram hefur komið, er skírnrin alls staðar á undanhaldi ef tekið er mið af hlutfalli skírðra í hverjum árgangi nýbura. Danski trúarlífsfélagsfræðingurinn Karen-Marie Sø Leth-Nissen styðst við fyrrnefnda aðgreiningu á kynslóðum og bendir á að þessi þróun hafi líklega hafist með eftirstríðsárakynslóðinni, þ.e. fólki fæddu á árunum 1946–1964, og hún birtist skýrt hjá barnabörnum þeirrar kynslóðar, þ.e. svokallaðri kynslóð Y.¹² Hún setur fram dæmi um breytta

¹² Karen-Marie Sø Leth-Nissen, *Dáb i dag: Traditionen til forhandling*, Publikationer fra Det Teologiske Fakultet, nr. 85, Kaupmannahöfn: Det Teologiske Fakultet, 2020, bls. 84–85.

afstöðu Dana til skírnar með því að skoða afstöðu kynslóðanna hvað skírn varðar:

1. Langafi og langamma, fædd um 1925 (hljóða kynslóðin), fylgja hefðinni varðandi kirkjuathafnir.
2. Þau sjá til þess að börn þeirra (eftirstriðsárakynslóðin, afi og amma), fædd um 1950 og þar á eftir, séu skírð og fermd og gifti sig í kirkju og skíri fyrstu börnin.
3. Afi og amma hafa verið samþykkt hefðinni en leyfa börnunum sjálfum (foreldrunum, kynslóð X) að ákveða hvort þau vilja láta fermast.
4. Börnin (kynslóð X) alast þannig upp við aðra afstöðu til hefðar og þegar kemur að skírn barna þeirra (kynslóðar Y) leita þau ekki í hefð heldur í eigin skoðun og trú og vilja að börnin taki sjálf afstöðu.
5. Kynslóð Y hefur því ekki alist upp við áherslu á hefðir í tengslum við trú heldur hugmyndir um frelsi einstaklingsins til skoðana og trúar og hefur sú kynslóð því enn síður en fyrri kynslóðir forsendur til að leita til hefðanna þegar kemur að þessu vali.¹³

Hverri kynslóð fylgja þannig einhverjar breytingar og vendipunkturinn verður þegar fram kemur kynslóð þar sem nýjar hugmyndir eru orðnar hugmyndir meirihlutans eða ríkjandi hugmyndir.

Snjóboltaáhrif hvað varðar fjölgun þeirra sem standa utan alls

Sá hópur sem vex hvað hraðast í trúarlífskönnunum á Vesturlöndum er hópurinn sem kallast á ensku „nones“. Þetta er fólk sem ekki hefur tengingu við neitt ákveðið trúfélag eða trú, skilgreinir sig utan trúfélaga, trúlaust (e. *atheists*), efahyggjufólk (e. *agnostic*) eða merkir við „óskilgreint“ þegar kemur að trú. Það þýðir þó ekki alltaf að hópurinn skilgreini sig án trúar. Í nýlegri breskri rannsókn mátti til dæmis sjá að í hópnum „nones“ sögðust 41,5% vera trúleysingjar en meirihlutinn trúði á guð eða æðri mátt. Stærsti hluti „nones“ í Bretlandi lýsir trúarafstöðu sinni með orðum eins og „kannski“, „efast“ eða „veit ekki“. Færrí en fjórðungur trúðu á persónulegan guð, aðrir töluðu um anda, lífskraft, orku eða „eitthvað þarna úti.“¹⁴ Það að velja „engin trú“ er frekar lýsing á höfnun á skipulögðum trúarstofnunum, að mati Woodhead, en að viðkomandi sé endilega trúleysingi. Um leið og þetta er höfnun á trúarstofnunum er það höfnun á hefð. Í Bandaríkjunum skilgreina mun fleiri „nones“ sig sem trúaða á einhvern hátt en sem trúleysingja og í könnun árið 2014 voru einungis 13% af þeim sem eru skilgreindir „nones“ guðleysingjar, 16% efahyggjufólk og 61% „annað“, þar af merktu 30% við að trú væri mikilvæg.¹⁵ Augljóst er því að hópurinn er hvorki einsleitur né eins samansettur eftir löndum.

¹³ Karen-Marie Sø Leth-Nissen, *Dæb i dag*, bls. 83–85.

¹⁴ Linda Woodhead, „The Rise of “No Religion”: Towards an Explanation“, *Sociology of Religion* 78:3/2017, bls. 247–262, hér 254–256. <https://doi.org/10.1093/socrel/srx031>.

¹⁵ Michael Lipka: „A Closer Look at Americas Rapidly Growing Religious Nones“, *Pew Research Centre*, 13. maí 2015, sótt 13. janúar 2024 af <https://www.pewresearch.org/short-reads/2015/05/13/a-closer-look-at-americas-rapidly-growing-religious-nones/>.

Norski trúarlífsfélagsfræðingurinn Ida Marie Høeg undirstrikar að hnignun trúar og trúariðkunar í flestum löndum Evrópu síðan 1960 byggist fyrst og fremst á trúarlegum áhrifum og umhverfi í bernsku — að vera trúaður eða trúrækinn eða fylgja trúarhefðum byggist fyrst og fremst á uppeldi okkar í barnæsku.¹⁶ Linda Woodhead bendir á hvernig hugmyndin um trúarleg áhrif uppeldis kemur fram í nýlegum rannsóknum. Hún hefur fylgt eftir og skoðað sérstaklega ungt fólk og trúarskoðanir þess, meðal annars út frá bakgrunni þess. Hún bendir á að u.þ.b. 45% barna sem eru alin upp sem kristin í Bretlandi (þ.e. af foreldrum sem skilgreina sig sem kristna) skilgreina sig „nones“ þegar þau eru fullorðin. Hins vegar munu 95% barna sem eru alin upp án trúar skilgreina sig „nones“.¹⁷ Þetta undirstrikar tvennt — í fyrsta lagi mikilvægi mótunar á bernskuskeiði og í öðru lagi að kristin trú á almennt undir högg að sækja hjá yngri kynslóðum.

Talað er um snjóboltaáhrif sem verða þegar það að fylgja ekki hefðum verður hið viðtekna. Um leið og eitthvað verður „hið viðtekna“, eða það sem flestir gera, þá krefst það afstöðu og sannfæringar að gera eitthvað annað.

Ef lítið er til niðurstaðna Lindu Woodhead varðandi miðlun trúar má gefa sér að enn bætist á snjóboltann hjá Z-kynslóðinni því að börn sem ekki eru alin upp við trú munu ekki velja hana. Að einhverju leyti má jafnvel segja að þar hafi foreldrarnir valið fyrir börnin.

Samsett trú

Í rannsóknum tengdum skírn í Danmörku¹⁸ hafa Karen Marie Sø Leth-Nissen og trúarlífsfélagsfræðingurinn Astrid Krabbe Trolle bent á það sem þær kalla „bricolage religiositet“ („bútasaumstrú“ eða „samsett trú“) og vísa til þess að „bricolage“ getur verið eitthvað sem einhver eða einhverjir setja saman eftir eigin höfði. Þetta birtist til dæmis í því þegar fólk sem tilheyrir kirkjunni lýsir sér einnig sem andlegum búddistum eða dregur á annan hátt saman efni og iðkun úr fleiri en einum trúarbrögðum og andlegum hreyfingum. Þessi þróun tengist þeirri afhelgun (e. *secularization*) sem hefur í vaxandi mæli einkennt vestræn samfélög, líka á Norðurlöndum. Afhelgunarkenningar þar sem gert er ráð fyrir minnkandi áhrifum trúar í samfélögum hafa verið umdeildar og er ljóst að þróunin hefur ekki verið alls staðar sú sama í vestrænum samfélögum.¹⁹ Norðurlöndin hafa til dæmis haft ákveðna sérstöðu þar sem fara saman annars vegar ákveðnir þættir sem oft eru taldir merki um afhelgun, svo sem minnkandi trú á guð og lítil kirkjusókn, og hins vegar sterk staða þjóðkirkna.²⁰ Greining

¹⁶ Ida Marie Høeg, „Religious Parental Transmission and the Importance of Authenticity“, *Mission Studies* 37/2020, bls. 416–434, hér 418.

¹⁷ Linda Woodhead, „The Rise of “No Religion”“, bls. 252–253.

¹⁸ Karen Marie Leth-Nissen og Astrid Krabbe Trolle, *Dåb eller ej: Rapport om småbørnsforældres til- og fravalg af dåb*, Publikationer fra Det Teologiske Fakultet, nr. 59, Kaupmannahöfn: Det Teologiske Fakultet Center for Kirkeforskning, Københavns Universitet, 2015, bls. 54; Karen-Marie Sø Leth-Nissen, *Dåb i dag*, bls. 73.

¹⁹ Grace Davie hefur meðal annars fjallað sérstaklega um Norðurlöndin og borið saman við aðra hluta Evrópu í *Religion in Modern Europe*, New York: Oxford University Press, 2000.

²⁰ Yfirlit yfir umfjöllun um afhelgunarkenningar og afhelgun á Norðurlöndum, sjá: Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, *Reforming Pastors: A Study on Reforms and Attempted Reforms in the ELCI with a Focus on the Role of the Pastors*, ritgerð til doktorsprófs í guðfræði, Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, Hugvísindasvið Háskóla Íslands, 2019, bls. 7–8, <https://hdl.handle.net/20.500.11815/4028>.

félagsfræðingsins José Casanova á afhelgun í þrjú ólík svið er gagnleg í því samhengi. Hann nefnir:

- afhelgun sem félagslega hlutverkahliðrun: aðrar stofnanir taka yfir hlutverk sem áður tilheyrðu trúarlegum stofnunum,
- afhelgun sem hnignun trúar og trúariðkunar,
- afhelgun sem jaðarsetningu trúar yfir á einkasviðið.²¹

Ef þessir þættir eru skoðaðir hver fyrir sig má vel sjá samsömun með þeim hér á landi og á Norðurlöndum almennt. Hér ætla ég að beina sjónum sérstaklega að tveimur síðari þáttunum, hnignun trúar og trúariðkunar og jaðarsetningu trúar yfir á einkasviðið. Iðkun trúar hefur meðal annars birst í kirkjulegum athöfnum á krossgötum lífs, svo sem við skírn, sem hefur fækkað mikið eins og þegar hefur verið lýst. Um leið og trúin hefur færst frá því að vera samfélagsmál yfir í að vera einkamál á Íslandi, breytist fræðslan á hinu opinbera sviði, þ.e. í skólum, og lögð er minni áhersla á kristinfræði sem skilar sér í minni þekkingu. Þá mætti spyrja hvert einstaklingurinn leiti til að fá svör við trúarlegum og tilvistarlegum spurningum. „Hefðbundin“ trúarbrögð verða bara eitt „tilboð“ af mörgum sem einstaklingur getur valið, eða valið úr það sem hentar.

Høeg, Leth-Nissen og Trolle vitna til kanadíska heimspekingsins Charles Taylors í þessu sambandi og skrifa hans um einstaklingshyggju. Hann bendir á huglæga þróun þar sem leit einstaklingsins að því sem er áreiðanlegt, eða að sanngildi (e. *authenticity*), beinist ekki lengur út á við, að stofnunum sem miðla reglum og sannindum, heldur inn á við. Þetta byggist á þeirri hugmynd að einstaklingurinn hafi innri meðvitund og tilfinningarými sem hann leiti svara í. Hið rétta viðmið — „áreiðanleikinn“ eða „sanngildið“ — er að vera trúr sjálfum sér og því sem einstaklingurinn finnur hjá sér að er rétt.²² Þannig getur hið rétta verið í grunninn kristni eða kærleikur en iðkunin tengst búddisma eða öðrum trúarbrögðum, svo að dæmi sé tekið. Grunnurinn í samsettu trúnni er sá sem einstaklingurinn telur réttan fyrir sig.

Bresku trúarfélagsfræðingarnir Linda Woodhead og Paul Heelas lýsa trúarlegri einstaklingshyggju í samfélagi síðnútíma (e. *late-modernism*) sem frelsun frá utanaðkomandi yfirvöldum, þar á meðal rótgrónum kirkjum.²³ Huglæg einstaklingshyggja þýðir að einstaklingurinn hefur tækifæri til að skapa sjálfan sig út frá því sem er satt fyrir hann sjálfan, út frá eigin innra valdi. Leth-Nissen og Krabbe benda á að hinn huglægi viðsnúningur í menningunni hafi haft þær afleiðingar að skírn er ekki lengur talin sjálfsgæddur hluti hvorki af þjóðkirkjuaðild né því að vera Dani. Hún verður þvert á móti auðkennismerki sem þú velur vegna þess að það þýðir eitthvað fyrir þig sem einstakling eða (kjarna)-fjölskyldu.²⁴

²¹ José Casanova, *Public Religions in the Modern World*, Chicago: University of Chicago Press, 1994, bls. 211.

²² Ida Marie Høeg, „Religious Parental Transmission and the Importance of Authenticity“, bls. 422–423; Karen Marie Leth-Nissen og Astrid Krabbe Trolle, *Dáb eller ej*, bls. 105–106.

²³ Paul Heelas og Linda Woodhead, *The Spiritual Revolution: Why Religion is Giving Way to Spirituality*, Oxford UK og Malden USA: Blackwell, 2005. Hér stuðst við kindle-útgáfu bókarinnar, kaflann „The Subjective Turn“.

²⁴ Karen Marie Leth-Nissen og Astrid Krabbe Trolle, *Dáb eller ej*, bls. 105–106.

Af hverju skírn og af hverju ekki?

Til að skoða hvernig þessi kynslóðabreyting birtist hjá ungum foreldrum verður nú farið yfir nokkrar niðurstöður rannsókna á Norðurlöndum er varða beint afstöðu foreldra til skírnar. Í niðurstöðukaflanum verða þær metnar í ljósi þeirra kenninga sem hér hafa verið reifaðar.

Megindlegar rannsóknir á Norðurlöndum sýna að mestu leyti svipaða afstöðu til þess af hverju foreldrar velja að láta skíra börn. Það sem flestir nefna er tengingin við hefð og siði, hátíð og að þetta sé falleg athöfn eða fallegur siður. Í svörum í Noregi og Finnlandi er mikilvægi þess að barnið eignist guðforeldra einnig nefnt og að barnið geti valið sjálft síðar. Að sama skapi er eitt algengasta svarið við því að velja ekki skírn það að barnið skuli velja sjálft.²⁵

Engar megindlegar kannanir eru til hérlendis þar sem foreldrar svara því hvers vegna þeir velja að láta skíra börn sín eða ekki. Hér verður því eingöngu fjallað um kannanir frá hinum Norðurlandþjóðunum. Ekki er til nein ein norræn könnun þar sem sams konar hópur er spurður og er því gerð grein fyrir könnuninum í hverju landi fyrir sig. Þegar kemur að megindlegum spurningakönnunum er mikilvægt að hafa í huga að spurningarnar sjálfar hafa áhrif á svörin því að þær takmarka svarmöguleikana. Spurningarnar í þeim könnunum sem hér er vitnað til voru ekki allar þær sömu og hóparnir eru ekki eins. Gerð er grein fyrir hverjum hópi í umfjölluninni.

a. Noregur

Í norskri rannsókn frá svæðinu Østre Romerike frá 2015 eru bornar saman ástæður fólks fyrir því að láta skíra börn sín eða ekki meðal fólks sem er meðlimir í norsku kirkjunni (það er að segja ekki meðal þjóðarinnar allrar). Þar kemur fram að algengasta ástæða þess að fólk velur að láta ekki skíra börn sín er að það vill að barnið geti valið sjálft síðar. Athyglisvert er að það svar, þ.e. að barnið geti valið sjálft síðar, kemur einnig fram sem eitt af mikilvægustu þáttunum í því að láta skíra barnið. Gera má ráð fyrir að þar sé verið að vísa til fermingar.

Hér fyrir neðan má sjá yfirlit (tafla 2) yfir helstu ástæður fólks fyrir að láta skíra börn sín og annað yfirlit (tafla 3) yfir ástæður þess að fólk velur að láta ekki skíra þau. Tölurnar eru prósentutölur. Um var að ræða spurningalista og gat fólk valið um fimm svör við hverri spurningu, allt frá „mjög mikilvægt“ til „alls ekki mikilvægt“.²⁶ Þar sem um spurningalista er að ræða ráða spurningarnar að sjálfsögðu þeim svarmöguleikum sem eru fyrir hendi.

²⁵ Hanna Salomäki, „Worship, Church Ceremonies and Christian Holidays“, *Religion in Daily Life and in Celebration: The Evangelical Lutheran Church of Finland — 2016–2019*, ritstj. Hanna Salomäki, Maarit Hytönen, Kimmo Ketola, Veli-Matti Salminen og Jussi Sohlberg, Helsinki: Church Research Institute, 2021, bls. 110; Tore Witsø Rafoss, *Et religiøst landskap i endring: Oppslutning om dåp på Østre Romerike*, Oslo: KIFO, 2016, bls. 21–23.

²⁶ Þ.e.a.s Likert-skali.

Tafla 2. Helstu ástæður fólks fyrir að láta skíra börn sín (Noregur)

Góð hefð	91,4%
Venjan í fjölskyldunni	76,8%
Fallegt og hátíðlegt	73,7%
Barnið getur valið sjálft seinna	72,1%
Vil að barnið fái guðforeldra	60,9%

Tafla 3. Helstu ástæður fólks fyrir að láta ekki skíra börn sín (Noregur)

Gefur barninu færi á að velja sjálft seinna	66,7%
Pressa frá maka	61,3%
Lítill tenging við kirkjuna	60%
Er ekki trúuð/trúaður	51,6%

Næstmikilvægasta ástæða fólks fyrir að láta **ekki** skíra börn sín, „pressa frá maka“, er aftur á móti ekki sérlega sterk ástæða þegar **skírn er valin**, aðeins 5,9% segja hana mikilvæga eða mjög mikilvæga ástæðu. Þá er einnig athyglisvert að trúarlegar ástæður („Er ekki trúuð/trúaður“) eru mikilvægar þegar kemur að því að velja ekki skírn en hefð og venja skipta miklu máli þegar skírn er valin.²⁷

b. Finnland

Í finnskri könnun meðal almennings frá 2019 kom fram að 60% svarenda í heild töldu trúarlega athöfn mikilvæga í tengslum við fæðingu barns og talan hækkaði í 73% ef svarendur voru í hópi þeirra sem tilheyrðu kirkjunni.²⁸ Í annarri könnun frá sama ári meðal foreldra leikskólabarna var spurt sérstaklega um ástæður þess að velja eða hafna skírn. Ástæður þess að velja skírn koma fram þegar fólk sem hafði látið skíra a.m.k. eitt barn var spurt. Svörunum svipar til norsku svaranna. Notaður var Likert-skali og tölurnar hér eru samantlagðar tölur fyrir svörin „mikilvæg“ og „mjög mikilvæg“ ástæða þess að velja skírn:

Tafla 4. Helstu ástæður fólks fyrir að láta skíra börn sín (Finnland)²⁹

Skírn barna er frábær hefð	83%
Það er venja í fjölskyldunni að láta skíra börn	80%
Ég vil að börnin mín eigi guðforeldra	80%
Mig langaði að hafa fallega veislu	78%
Það var sjálfsagt að skíra	76%
Ég vil að barnið mitt verði kristið	49%
Ég vil að barnið sé hluti af kirkjunni	48%
Ég vil að barnið geti valið sjálft	48%
Ég er kristin(n)	44%

Spurningakönnun (megindleg), Church Research Institute, 2019, N=776.

²⁷ Tore Witsø Rafoss, *Et religiøst landskap i endring*, bls. 21–23.

²⁸ Hanna Salomäki, „Worship, Church Ceremonies and Christian Holidays“, bls. 107–108.

²⁹ Sama rit, bls. 111.

Hér eru efstu svörin tengd hefð en einnig voru áberandi svör um að skírinn bæri blessun guðs (40%) og að í skírni verði barnið guðs barn (33%). Það vekur athygli hér hve mikilvægt foreldrum finnst að börnin eigi guðforeldra.

Þær ástæður sem fá mesta svörun fjalla um tengsl — við fjölskyldu, við guðforeldra — og um hefðir. Tengingin við kirkjuathöfnina er að hún er falleg. Þó fá trúarlegar skýringar einnig vægi: tæplega 50% nefna kristna trú og kirkju og svo telur nær helmingur mikilvægt að barnið fái að velja sjálft.

Þegar litið er til þeirra sem ekki létu skíra börn sín eru algengustu ástæður sem gefnar sýndar í töflu 5.

Tafla 5. Helstu ástæður fólks fyrir að láta ekki skíra börn sín (Finnland)

Ég tilheyri ekki kirkjunni	70%
Ég vil að börnin mín geti valið sjálf	68%
Ég tel mig ekki trúaða(n)	59%
Tengsl mín við lúthersku kirkjuna eru veik	53%
Maki minn vill ekki að barnið sé skírt	51%
Ég vil ekki að kirkjan sé hluti af mikilvægum háttíðum hjá mér	44%

Spurningakönnun (megindleg), Church Research Institute, 2019, N=223.

Hér er algengasta svarið tengslasvar — í þessu tilviki skortur á tengslum við kirkjuna — hún sé ekki samfélag sem viðkomandi tilheyrir. Af svipuðum toga er svarið um veik tengsl við kirkjuna og höfnun á tengslum við kirkjuna, ósk um að hún sé ekki hluti af mikilvægum stundum í lífi svarenda. Næstmikilvægast er að börnin geti valið sjálf, 68% telja það mikilvægt. Hið sama er reyndar einnig talið mikilvægt hjá þeim sem létu skíra börn sín (48%). Þetta kallast á við norsku könnunina þar sem báðir hópar telja þetta mikilvæga forsendu. Um helmingur þeirra sem ekki láta skíra börnin segja mikilvæga ástæðu að maki þeirra vilji ekki að barnið sé skírt. Það er mun meira afgerandi en þegar kemur að þeim sem láta skíra börnin. Þar sögðu 13% að pressa frá maka um að láta skíra barn hafi haft áhrif. Trú er hér líka afgerandi þáttur — það er að segja skortur á trú — í svarinu „Ég tel mig ekki trúaða(n)“.

Hér gildir því það sama og í norsku könnuninni — þau sem láta skíra börn sín nefna hefð og tengsl sem mikilvægustu orsakir ákvörðunarinnar en þau sem ekki láta skíra þau setja trúarlegar ástæður ofar á skalann.

c. Svíþjóð

Í megindlegri könnun sænsku kirkjunnar meðal almennings frá 2018 um ástæður þess að velja skírni eða ekki svipar svörum til þeirra sem sjá má í Noregi og Finnlandi. Algengasta ástæðan fyrir því að láta skíra börn sín var að skírinn sé falleg hefð. Algengasta ástæðan fyrir því að láta ekki skíra er að barnið eigi að fá að velja síðar. Sá möguleiki var ekki til staðar í spurningum til þeirra sem létu skíra börn sín. Hér vekur athygli að lítill munur er á því hvort makinn vildi eða vildi ekki láta skíra barnið/börnin og áhrif þess þrýstings á ákvörðunina.

Alls sögðust 13% hafa látið skíra barn sitt af því að maki vildi það en 16% létu ekki skíra vegna þrýstings maka.³⁰

Aðrar rannsóknir sem sænska kirkjan hefur unnið og tengjast skírn benda til að ákveðnir þættir í bakgrunni viðmælanda hafi áhrif. Rannsóknir frá 2005 og 2015 styðja að skírn sé líklegri hjá þeim foreldrum sem eru í kirkjunni en þeim sem standa utan hennar. Ef annað foreldrið var í kirkjunni var það kirkjutenging móður sem hafði meiri áhrif en kirkjutenging föður. Einnig skipti kirkju- legur bakgrunnur foreldra máli og fyrri tengsl við kirkjuna, svo sem fermingar. Þá skiptir búseta máli. Ef litið er til foreldra þar sem a.m.k. annað foreldrið er í sænsku kirkjunni þá er afgerandi munur á því hvort foreldrar velja að láta skíra börn sín eftir því hvar þau búa. Mestur er munurinn milli dreifbýlis og stórborga. Mun færri íbúar í stórborgum velja skírn en á landsbyggðinni.³¹ Athygli vekur einnig að einhleypir foreldrar velja skírn í minna mæli en fólk í sambúð og líkur á að velja skírn aukast eftir því sem tekjur hækka.³²

d. Danmörk

Í könnun sem gerð var árið 2014 í Danmörku meðal foreldra með börn undir 18 ára aldri voru meðal annars fyrri tengsl foreldra við dönsku þjóðkirkjuna skoðuð. Af þeim sem svöruðu höfðu 90% sjálf verið skírð í kirkjunni og 77,5% tilheyrdu henni. Foreldrar sem höfðu valið að láta skíra börn sín voru 77% aðspurðra. Um fimmtungur, 19%, höfðu ekki látið skíra börn sín og 4% áttu bæði skírð og óskírð börn. Svör síðasta hópsins falla í báða flokka þegar greint er frá helstu niðurstöðum og ástæðum þess að fólk velur að láta skíra eða ekki.

Samkvæmt könnuninni hafa um 90% foreldra sem tilheyra kirkjunni látið skíra börn sín en 37% þeirra sem ekki tilheyra henni. Þetta sýnir sterk tengsl milli þess að tilheyra kirkjunni og þess að láta skíra börn sín.³³ Könnunin sýnir líka breytingu milli kynslóða, eins og áður hefur verið minnst á.

Tafla 6. Af hverju velja foreldrar að láta skíra börn sín?

Fjölskylduhefð	45%
Að halda upp á nafngjöf	45%
Tilheyrir því að vera Dani	38%
Svo að barnið fái blessun guðs	25%
Tækifæri til að tengja foreldra og fjölskylduna	25%

Svör úr spurningalista, des. 2014. Karen Marie Leth-Nissen og Astrid Krabbe Trolle, *Dáb eller ej*, bls. 17.

Hér má sjá að algengustu ástæðurnar tengjast hefð og nafngjöf og því að tilheyra dönsku samfélagi. Aðeins fjórðungur nefnir trúarlegan þátt, blessun guðs, en neðar í töflunni mátti sjá að 24% vildu að barnið fengi að alast upp

³⁰ Andreas Sandberg, Ingegerd Sjölin og Josephine Ganebo Skantz, *Dop i förändring: En studie av föräldrars aktiva val och församlingars strategiska doparbete*, Svenska kyrkan, 2019, bls. 40–51 og 140–142. Sjá ennfremur: <https://www.svenskakyrkan.se/forskning/dop-i-forandring-en-studie-av-foraldrars-aktiva-valoch-forsamlingars-strategiska-doparbete>.

³¹ Sama rit, bls. 35.

³² Sama rit, bls. 31–39.

³³ Karen Marie Leth-Nissen og Astrid Krabbe Trolle, *Dáb eller ej*, bls. 21.

sem kristið. Að tilheyra fjölskyldu, dönsku samfélagi og hafa tengsl (guðfor-eldra) sýnir hlutverk skírnarinnar í að skapa og viðhalda tengslum.

Tafla 7. Af hverju velja foreldrar að láta ekki skíra börn sín?

Barnið á að velja seinna	51%
Geta ekki farið með trúarjátninguna	32%
Tilheyra annarri trú	17%

Svör úr spurningalista, des. 2014. Karen Marie Leth-Nissen og Astrid Krabbe Trolle, *Dáb eller ej*, bls. 18.

Allir aðrir svarmöguleikar fengu mun minni svörun. Hóparnir fengu ekki alveg sömu spurningar og svarmöguleikinn um að barnið ætti að velja seinna var bara fyrir hendi hjá hópnum sem ekki valdi skírn. Áhugavert er að næstflest svara spurningu um ástæðu þess að hafa ekki valið skírn fyrir barnið sitt með svari sem tengist trú — að þau treysti sér ekki til að fara með trúarjátninguna. Þetta kallast á við svar um að vera ekki trúður/trúuð.

Báðir hóparnir höfðu svarmöguleikann að þetta hefði verið ósk makans og í þessu tilviki sögðu 9% svarenda að maki hefði ekki viljað láta skíra barnið en 11% að skírinn hefði verið að ósk makans. Þessi svör eru ólík svörum annars staðar, einkum frá Noregi og Finnlandi.

Danska könnunin í heild sýnir að fækkun skírna endurspeglar ýmsar samfélagsbreytingar og þar er vaxandi einstaklingshyggja mest afgerandi. Henni tengist aukin afhelgun í samfélaginu sem á einstaklingssviði birtist sem trúleysi. Að auki er hið trúarlega svið orðið mun fjölbreyttara en áður var.

Niðurstöður

Tölfræði þegar kemur að skírn bendir til þess að vendipunkti hafi þegar verið náð. Í norrænum könnunum meðal þeirra sem velja að láta skíra börnin sín kemur skýrt fram að þar er hefð veigamesti þátturinn. Stærsti þáttur þeirra samfélagsbreytinga sem Ronald Inglehart færir rök fyrir er brotthvarf frá hefðum samfara aukinni einstaklingshyggju. Það felur í sér að áhrifavald stofnana eins og trúarstofnana minnkar og hefðir sem áður þóttu sjálfsagðar verða háðar vali hvers og eins. Karen-Marie Sø Leth-Nissen hefur lýst hvernig þessi þróun, hvað varðar skírn, kemur fram hjá kynslóðum Y og Z nú, þróun sem hófst með eftirstríðsárakynslóðinni. Hefðin er sterkust hjá þeim sem velja að láta skíra börnin sín en sá hópur minnkar og hefðin nær ekki lengur til stærsta hluta samfélagsins. Þau sem ekki velja hefðina gefa svör sem styðja þetta; að þau séu ekki trúuð, þau tilheyri ekki kirkjunni og þau leggja gjarnan áherslu á að barnið velji sjálf síðar. Hjá þeim sem velja skírn eru fjölskyldu-tengslin aftur á móti hluti af hefðinni: „Venjan í fjölskyldunni“ og „fjölskyldu-hefð“ eru algeng svör. Það vekur spurningar um hlutverk fjölskyldunnar í miðlun hefðarinnar.

Það er áhugavert að í Noregi og Finnlandi, þar sem báðir hóparnir gátu merkt við þann svarmöguleika að barnið gæti sjálf valið seinna, gáfu margir í báðum hópnum það upp sem mikilvæga ástæðu, sem bendir til að báðir

hóparnir séu meðvitaðir um möguleika þess að ganga gegn hefðum og leita eigin innsæis og sanngildis.

Athygli vekur að svör þeirra sem ekki velja skírni lýsa frekar trúarlegri afstöðu — það er að segja þeirri afstöðu að trú ekki. Þau leggja áherslu á svör á borð við: „Ég tel mig ekki trúaða(n)“, „Er ekki trúður/trúuð“ og „Get ekki farið með trúarjátninguna“. Trúarleg svör eru mun neðar á skalanum hjá þeim sem velja skírni þar sem svör sem tengjast hefð eru sterkust. Svör þeirra sem ekki láta skíra börn sín lýsa líka skorti á tengslum við kirkju eða samfélag kirkjunnar: „Lítill tenging við kirkjuna“, „Ég tilheyrir ekki kirkjunni“ og „Tengsl mín við lúthersku kirkjuna eru veik“. Þar má annars vegar greina áherslu á eigið innsæi og á sanngildiskröfuna og hins vegar kemur skýrt fram sú afstaða að skírni sé trúarleg athöfn en ekki bara hefð.

Þetta má túlka á þann veg að hluti af breytingunni sem leiðir af sér hefðarrof sé sá að ungt fólk greini hefðirnar eftir því hvað eigi við það sjálft og sjái þá skírniina sem eitthvað er komi aðeins þeim við sem eru trúuð.

Sambærilegar megindlegar kannanir varðandi skírni hafa ekki verið framkvæmdar hér á landi. Tölfræði varðandi skírni og þróun hennar sýnir engu að síður svipaða mynd og annars staðar á Norðurlöndum. Við það bætist að upplýsingar um guðstrú og mikilvægi trúar hjá ólíkum kynslóðum sýnir að hvort tveggja fer minnkandi, eins og fram kom í alþjóðlegu gildakönnuninni. Því má leiða að því líkur að fækkun skírna hér á landi sé afleiðing hægfara breytinga sem ná yfir nokkrar kynslóðir. Sú fullyrðing að vendipunkti sé náð hér á landi miðast við að hér sjást svipaðar breytingar milli kynslóða á hinu trúarlega sviði og sjá má annars staðar á Norðurlöndunum og um þessar mundir hlýtur minna en helmingur nýfæddra barna skírni héraðs. Það þýðir að í íslensku samfélagi þarf ungt fólk frekar að réttlæta það að láta skíra barn sitt en að verja þá afstöðu að velja það ekki.